

Fjármálainnviðir 2016

Kynning í tengslum við útgáfu ritsins *Fjármálainnviðir*

Miðvikudagur 7. desember kl. 15:00





Fjármálainnviðir í gerjun

Seðlabanki Íslands skal "stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd"

Yfirsýn yfir kerfislega mikilvæga fjármálainnviði, rekstur stórgreiðslu- og jöfnunarkerfis og útgáfa seðla og myntar

Samvinnuverkefni: Fjármálaeftirlit, fjármálastöðugleikaráð og kerfisáhættunefnd, og væntanlegt greiðsluráð

Tækniþróun, breytingar á regluverki og endurnýjun mikilvægra fjármálainnviða => mörk samkeppni og samvinnu munu breytast

Net og upplýsingaöryggi

Kostnaður við greiðslumiðlun

Fjármálainnviðir 2016 - kaflar

- I Hlutverk Seðlabankans á vettvangi fjármálainnviða
- II Rekstur kerfa
- III Reiðufé
- IV Yfirsýn
- V Regluverk
- VI Net- og upplýsingaöryggi
- VII Kostnaður samfélagsins við greiðslumiðlun

Viðauki: Töluleg gögn um greiðslumiðlun á Íslandi

Rekstur kerfa

Millibankakerfi 2016:

- Fleiri færslur og aukin velta
 - Stórgreiðslukerfið:
 - Árlega: ca. 90 þús. færslur og ca. 17 billjónir kr.
 - Daglegt meðaltal: 352 færslur og 59 ma.kr.
 - Jöfnunarkerfið:
 - Árlega ca. 80 milljónir færslna og ca. 3,8 billjónir kr.
 - Daglegt meðaltal: 212 þús. færslur og 9,1 ma.kr.
- Endurnýjun millibankakerfa:
 - Sama grunnkerfi og skandinavísku seðlabankarnir völdu
 - Öflugra eftirlits- og stjórnþæki bæði fyrir Seðlabankann og þátttakendur

Reiðufé

- Hlutdeild 10 þús.kr. seðils í verðmæti útgefinna seðla nú ríflega 43% af reiðufé í umferð
- Aukning á notkun reiðufjár
 - Um 1% af VLF fyrir fjármálaáfallið – er nú rúmlega 2% af VLF
- Mögulegar skýringar...
 - Fjölgun erlendra ferðamanna
 - Aukin hlutdeild reiðufjár í greiðslumiðlun
 - Eignir varðveittar í formi reiðufjár
 - Skattalegar ákvarðanir
 - Svört atvinnustarfsemi

Yfirsýn og stefnumótun

- Kjarnareglur CPMI/IOSCO um innviði fjármálamarkaða (e. PFMI) liggja til grundvallar yfirsýnar með millibankagreiðslukerfum SÍ
 - Kerfisstjórar stórgreiðslu- og jöfnunarkerfanna (SG/JK) vinna að úrbótum í samræmi við niðurstöður úttekta yfirsýnaraðila á uppfyllingu viðmiða PFMI í rekstrarumgjörð þeirra. Yfirsýnaraðili skilar jafnframt sjálfstæðu mati á rekstrarfrávikum í SG/JK
- Í nýjum lausnum gagnvart notendum greiðsluþjónustu eru markmið um aukin þægindi og einfaldleiki höfð að leiðarljósi
 - Huga verður nægjanlega og samtímis að öryggi og hagkvæmni
- Stofnað verður til greiðsluráðs á Íslandi að norrænni fyrirmynd
- Net- og upplýsingaöryggi í deiglunni

Greiðsluráð


- Stefnumótun er mikilvægt viðfangsefni stjórnvalda á hverjum tíma
- Ör tækniþróun og breytingar á regluverki hefur kallað fram þörf til að virkja ólíka aðila í greiðslumiðlunarkeðjunni reglubundið til samtals og ráðgjafar í málaflokknum á þverfaglegum grunni
- Norrænar fyrirmyndir:
 - Greiðslumiðlun í víðum skilningi, ekki síst greiðsluþjónusta (retail payments)
 - Reglubundin fundahöld, rannsóknir/greining/útgáfa
 - Stuðlað að opinberri og upplýstri umræðu, frá ólíkum sjónarhornum
 - Ekki síst almannahagsmunir að leiðarljósi
- Að mati Sí myndi slíkur vettvangur nýtast vel hér á landi, reynslan sýnir að farveg skortir fyrir ýmis álitæfni
 - Tilnefninga verður leitað í byrjun árs 2017

Net- og upplýsingaöryggi

- Netárásir eru algengari og alvarlegri en áður, á heimsvísu
 - Flókið að halda í við tækninýjungar og verjast á sama tíma ógnum í síbreytilegum myndum
 - Rafræn greiðslumiðlun mjög almenn hér á landi
- Skylda eigenda og rekstraraðila mikilvægra innviða að lágmarka rekstraráhættu með ábyrgri áhættustýringu
- Aukin áhersla stjórnvalda hvarvetna á varnir og viðbúnað m.t.t. net- og upplýsingaöryggis
 - Alþjóðastofnanir láta sig málaflokkinn varða í auknum mæli
 - Á Íslandi hafa ýmsar stjórnsýslustofnanir snertifleti við málefni tengd net- og upplýsingaöryggi
 - Samhæfing/miðlun upplýsinga, eftir því sem við kann að eiga


Greiðslumiðlun – samfélagslegur kostnaður

- Samfélagslegur kostnaður:
 - Áætl. heildarkostnaður 2014: 28 ma.kr. eða um 1,4% af VLF
 - Meðaltalskostnaður við greiðslukortafærslu 101 kr. sbr. við 88 kr. ef greitt er með reiðufé
- Vísbendingar erlendis um verulegan kostnaðarmun milli innlendra og alþjóðlegra debetkorta
- Ísland greinir sig frá hinum Norðurlöndunum hvað varðar notkun greiðslumiðla (mynd VII-2 og mynd VII-3)



1. Innland greiðslukorta- og reiðufjárnotkun
Heimild: Seðlabanki Evrópu, Eurostat, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Mynd VII-3 Samanburður á notkun kreditkorta 2007-2015¹



¹ Fyrirtækjakort eru ekki meðtalín
Heimild: Seðlabanki Evrópu, Seðlabanki Íslands

Kostnaður við íslenska greiðslumiðlun

- Þörf á nánari kostnaðargreiningu
- Leita þarf leiða til aukinnar hagræðingar og bætts þjófélagslegs ávinnings:
 - Notendalausnir byggðar á kjarnainnviðum
 - Jafnt og óhindrað aðgengi allra sem uppfylla sett skilyrði
 - Ávinningur komi öllum haghöfum til góða
 - Neytendur eigi val á milli ólíkra greiðslumiðla
 - Neytendur greiði í samræmi við raunkostnað ólíkra greiðslumiðla